

30
31. maí

LÖG

um

afnám kennarastóls í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Kennarastóll í klassiskum fræðum við Háskóla Íslands skal afdnuminn.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feld lög nr. 25, 2. nóv. 1914.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfríhöll, 31. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

31
31. maí

LÖG

um

breyting á lögum nr. 38, 28. nóv. 1919, um samþyktir um akfæra sýslu- og hreppavegi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Aftan við 5. gr. laganna bætist:

Sömuleiðis má greiða framlög þessi úr sveitarsjóði eða sveitar-sjóðum á samþyktarsvæðinu, sje það samþykkt með $\frac{2}{3}$ atkvæða á lög-

mætum sveitarfundi eða sveitarfundum. Gildir sú skipun þangað til **31**
fundarsamþykktin er úr gildi feld með sama hætti. Jafnar þá hrepps- **31. maí**
nefnd eða hreppsnefndir skattinum niður með aukaútsvörum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 31. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

L Ö G

um

32

31. maí

sölu á prestssetrinu Hesti í Ögurþingum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Dan-
merkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri,
Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer stað-
fest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Heimilt er kirkju- og kenslumálaráðherra að selja jörðina Hest
í Súðavíkurbreppi í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi, sem útlögð hefir
verið sem prestssetur í Ögurþingaprestakalli. Um söluna fer sam-
kvæmt lögum nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

2. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 31. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.